

|                     |                     |
|---------------------|---------------------|
| <b>Fundarnúmer:</b> | 143                 |
| <b>Dagsetning:</b>  | 14.02.2008          |
| <b>Tími:</b>        | 10:00               |
| <b>Staður:</b>      | Fundarsalur Ráðhúss |

Árið 2008 fimmtudaginn 14. febrúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 143. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 10:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð. Oddviti gerði í upphafi tillögu um að inn á dagskrá fundarins yrði tekin fundargerð 139. fundar skipulags- og umhverfissráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

### Gengið var til dagskrár.

#### 1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

**a) Fundargerð 527. fundar** 22. janúar. Fundargerð í 13 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**b) Fundargerð 528. fundar** 4. febrúar. Fundargerð í 14 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

**c) Fundargerð 529. fundar** 11. febrúar. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 7. liðar. „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um niðurfellingu fasteignaskatts til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra, vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur og tekur einungis til fasteignaskatts.

##### 1. Tekjuviðmiðun:

Fyrir einstaklinga:

a) Með heildartekjur allt að kr. 1.900.000- fær 100% afslátt.

b) Með tekjur umfram kr. 2.650.000- enginn afsláttur.

Fyrir hjón/sambýlisfólk.

a) Með heildartekjur allt að kr. 2.750.000- fær 100% afslátt.

b) Með heildartekjur umfram kr. 3.600.000- enginn afsláttur.

2. Elli- og 75% örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu viðmiði.

3. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

4. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.

5. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti.“ Borinn undir atkvæði 7. Liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

**2. Fundargerð 77. Fundar menningar- og tómstundaráðs** 13. febrúar. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Fram kom tillaga um að 2. lið fundargerðarinnar verði vísað til byggðarráðs. Borinn undir atkvæði 2.liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

#### 3. Fundargerðir skipulags- og umhverfissráðs. Oddviti kynnti.

**a) Fundargerð 138. fundar** 7. febrúar. Fundargerð í 8 liðum. Fram kom svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir úthlutun lóðar nr. 35 við Höfðabraut, þar sem sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús 14x20 m. að stærð.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 8. liðar.: Vegna bréfa T. Gunnars Sæmundssonar til Vegagerðarinnar samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fela sveitarstjóra að skrifa Vegagerðinni bréf og áréttta ákvæði samkomulags milli Húnaþings vestra og Vegagerðarinnar um friðun tiltekinna vegsvæði í sveitarfélaginu.“ Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.

**b) Fundargerð 139. fundar** 12. febrúar. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt

með 6 atkvæðum. Oddur Sigurðarson óskaði bókað að hann sitji hjá við afgreiðslu vegna vanhæfis.

**4. Fjárhagsáætlun 2008, 2010 og 2011 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.** Síðari umræða. Sveitarstjóri kynnti áætlunina. Að lokinni umræðu gerði oddviti tillögu um að framlögð fjárhagsáætlun verði samþykkt. Fjárhagsáætlunin borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12:20.

Skúli Þórðarson(sign.), Ólafur B. Óskarsson, fundarritari(sign.),  
Elín R. Líndal(sign.), Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.), Guðmundur St. Sigurðsson(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.), Gunnar Þorgeirsson(sign.),  
Heimir Ágústsson(sign.).